

athugað, að stefna sú til yfirdómsins, sem hjeradsdóm-  
arinn hefur ritað á dómsgjörðirnar, ekki er í rjettu  
formi, en með því úr þessu er bætt með áfrýjunar-  
stefnu amtsins, hefur það ekki orðið málinu að foráttu.  
Í annan stað ber þess að geta, að undirdómarinn, þeg-  
ar hann hefur sett rjettinn, ekki hefur nafngreint dóm-  
arann, sem þó átti að vera.

Í þriðja lagi hefur orðið talsverður dráttur á mál-  
inu, sem hjeradsdómariinn alls ekki hefur reynt að  
rjettlæta; en yfirdóminum virðist þó eptir atvikum  
ekki vera fullnæg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð  
fyrir.

Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun máls-  
ins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflut-  
ningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn,  
10 kr. til hvors þeirra.

Sókn og vörn málsins við yfirdóminn hefur verið  
lögsmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í máli þessu á að vera  
óraskaður. Hinum ákærða ber að greiða allan af  
áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með  
talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns  
við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Mel-  
steðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. ágústmán.

Nr. 13/1880,

Guðmundur Bjarnason

gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen

## D ó m u r :

Mál þetta er þannig vaxið, að á uppboðsþingi í Reykjavík, er haldið var 9. júní 1879 til að selja bæinn Vegamót, tilheyrandi dánarbúi Ástu Guðmundsdóttur, mótmælti sonur hennar, Guðmundur Bjarnason, að salan fram færi, þaræð hann 10. sept. 1877 hefði keypt hann á opinberu uppboði skilyrðislaust fyrir 100 kr.; fullmektur bæjarfógetans hefði síðan sent sjer reikning, dags. 24. okt. s. á., yfir kaup sín á uppboðsþinginu., er verið hefði að upphæð 145 kr. 60 aur., og hefði hann þaraf 15. des. s. á. borgað 100 kr., en sjer og innheimtumanninum hefði komið saman um, að hitt, er eptir stóð, þyrfti hann þá þegar ekki að borga, þaræð hann hefði gefið reikning inn í dánarbúið um útfararkostnað móður sinnar — Því hann hefði kostað útförina —, og hefði reikningur sá numið meiru, en eptir stóð óborgað hjá honum af uppboðskostnaðinum, enda hefði hann aldrei síðan verið krafinn um hið á vantanda, og ekki heldur feðgið það, er framyfir var. Uppboðshaldarinn tók nú mótmæli þessi undir úrskurð, er fjell svo, að þau yrðu eigi til greina tekin, og fram fór síðan uppboðið, og varð annar maður hæst bjóðandi að bænum og honum sleginn hann fyrir 240 krónur. Þessum úrskurði uppboðshaldarans og uppboðinu á bænum, er eptir honum fór fram, hefur nú Guðmundur skotið til yfirdómsins, og krafizt, að hvorttveggja verði dæmt ómerkt, eða fellt úr gildi, og binn stefndi bæjarfógeti í Reykjavík sem skiptaráðandi og handhafi áður nefnds dánarbús dæmdur til að bæta sjer skaðann með 300 kr., eða eptir mati óvilhallra manna, og til að endurgjalda allan málskostnað.

Á minnstan úrskurð sinn byggði bæjarfógetinn í Reykjavík á því, að eptir uppboðsbókinni hefði ham-arshögg fyrir bænum verið gefið Guðmundi með því



skilyrði, að skiptarjetturinn í búi Ástu vildi síðan samþykka boðið, en það hefði aldrei verið samþykkt af skiptarjettinum, hvorki síðan hann varð bæjarfógeti nje í tíð formanns síns í embættinu; að Guðmundur ekkert afsalsbrjef hefði sýnt fyrir bænum frá uppboðshaldaranum, og loks, að hann eigi hefði sýnt nein skilríki fyrir því, að hann hefði borgað 100 kr. fyrir bæinn. — Að því er snertir ástæður þessar, þá virðist að visu, sem eigi verði svo mikið byggt á því, þótt áfrýjandinn eigi hafi fengið afsalsbrjef fyrir bænum, því meðal annars virðast skjöl málsins bera það með sjer, að bærinn við fyrra uppboðið hefur eptir norskum lögum 5—3—18 verið fremur skoðaður sem lausafje en sem fasteign; eins hefur áfrýjandinn sannað hjer fyrir rjettinum, að hann hafi borgað 100 kr. af reikningi þeim, er innköllunarmaðurinn sendi honum yfir það, sem hann keypti á uppboðinu, og sem, eins og áður er á vikið, var að upphæð 145 kr. 60 aur., þar á meðal bærinn 100 kr. Aptur stendur þar á móti í fram lögðu eptirriti af uppboðsgjörðinni, þegar búið er að leggja saman, hvað uppboðið hafi hlaupið, en áður en uppboðshaldarinn og vottarnir hafa skrifað nöfn sín undir, sú athugasemd: «að bærinn hafi verið boðinn upp að geymdum rjetti vedhafanda með því skilyrði, að það væri komið undir samþykki skiptarjettarins, hvort hæsta boð yrði samþykkt eða ekki, og skyldi hlutadeiganda gefin vitneskja um það frá skiptarjettinum innan hálf mánaðar». Það verður þannig að álita, að bærinn hafi verið boðinn upp með á minnstu skilyrði, og þótt það ekki standi í skilmálum þeim fyrir sölunni, er fram lagðir voru þá er uppboðið byrjaði, og breyti þeim að því, er bæinn snertir, þá virðist slík breyting eptir atvikum lögleg og því bindandi fyrir hinn hæstbjóðanda, er bærinn þannig

var sleginn. Það er því eptir að rannsaka, hvort nokkuð það sje fram komið, er lýsi því, að skiptarjetturinn síðar hafi samþykkt söluu, en yfirdómurinn getur eigi álitíð, að neitt þvílíkt sje fram komið. Að vísu átti skiptarjetturinn að segja þeim, innan hálfis mánaðar, er hamarshöggið var gefið, hvort hann samþykkti söluna eður eigi, en þótt nú skiptarjetturinn hefði forsómað þetta, þá verður út af slíkri forsómun eigi leitt neitt samþykki, hún gat í hæsta lagi, ef til vill, gefið hlutadeiganda rjett til að draga sig til baka. Það að innköllunarmaðurinn krafði, sem fyr er sagt, áfrýjandann um bæjarverðið, og að áfrýjandinn borgaði honum það með 100 kr. — því því virðist eigi nægilega mót-mælt, er áfrýjandinn hefur staðhæft, að þessar 100 kr. skyldu vera borgun fyrir bæinn, en afgangurinn af uppboðskuld áfrýjandans kom upp í það, er hann átti hjá búinu — þá verður út af þessu ekki dregið neitt samþykki frá skiptarjettinum upp á söluna, því það verður eigi álitíð, að innköllunarmaðurinn þar hafi komið fram sem umboðsmaður skiptaráðanda eða skiptarjettarins. Hinn fyrverandi skiptaráðandi í búinu hefur að vísu sagt, að hann hafi tekið við uppboðssumunni frá innköllunarmanninum, og að þar í muni hafa verið þær 100 kr., er áfrýjandinn hefði borgað upp í bæinn, en hann kveðst hafa álitíð, að þetta væri sönnun fyrir því, að áfrýjandinn ætlaði að reyna til að ná í bæinn, því hann hefði látið hann vita nokkru eptir að uppboðið fór fram, að hann eigi gæti fengið bæino fyrir það, er hann hefði boðið, og að hann yrði að bæta 100 kr. við; þessi framburður hins fyrverandi skiptaráðanda, er takast verður í heild sinni, ef á honum skal byggja, gjörir sennilegt, að þótt hann tæki við á minnstum 100 kr. upp í bæjarverðið, þá gjörði hann það enganveginn í því skyni að samþykkja þar



með, að áfrýjandinn skyldi fá bæinn fyrir þetta verð. Loksins er það með öllu rjett, að á skiptafundi, er haldinn var í búinu 20. janúar 1879, er þess í fyrsta máta getið, að dánarbúið hafi verið virt 245 kr. 10 a., síðan er þess getið, að það hafi verið selt við uppboð 10. sept. 1877 fyrir 219 kr. 20 a., og seinast eru taldar upp skuldir þær, er á því liggi, en út af þessari skýrslu skiptaráðandans um ástand búsins, eins og það var þá, virðist eigi verða leitt, að skiptarjetturinn samþykki eða hefði samþykkt söluna á bænum fyrir 100 krónur.

Með því að áfrýjandinn samkvæmt þessu, er nú hefur verið sagt, ekki hefur getað sannað, að hann hafi verið orðinn eigandi að bænum Vegamótum, áður en hann var seldur að tilhlutun skiptarjettarins í búi Ástu Guðmundsdóttur á uppboðsþingi 9. júní 1879, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og uppboð. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og uppboð eiga að standa öröskud. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. ágústmán.

Nr, 22/1880

Svanborg Grímsdóttir

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni

Dómur:

Tildrög þessa máls eru þau, að Svanborg Grímsdóttir ól andvana fætt barn 24. dag ágústmán. 1879. Sagði hún hinn stefnda, Kristján Þorgrímsson, föður að barni þessu, en við það hefur hann eptir skýrslu Svanborgar alls ekki viljað kannast. Útaf þessu höfðaði hún mál á hendur Kristjáni fyrir bæjarþingsrjetti